

Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028

Stórvík, verslun og þjónusta

Sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

23. maí 2017



FLJÓTSDALSHÉRAÐ



Inngangur

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs telur að gera þurfi óverulega breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna breytinga á eignarhaldi og rekstri sumarhúsa í Stóruvík, sunnan Egilsstaða. Þar eru 6 sumarhús sem hafa verið í eigu banka og í útleigu til starfsmanna en hafa nú verið seld aðila sem hyggst leigja þau ferðafólki. Breytingin hefur engin áhrif á þætti sem fjallað er um í skipulagi því þótt notendur séu aðrir en áður er notkunin sú sama. Engin ný mannvirki eru fyrirhuguð, né heldur breyting á tengingum við innviði.



Mynd 1: Sumarhús við Stóruvík


Almennt er frístundabyggð á vegum félagasamtaka fyrir félagsmenn færð í landnotkunarflokkinn „frístundabyggð“ en þegar um útleigu til ferðafólks er að ræða er valinn flokkurinn „verslun- og þjónusta“. Sú breyting sem hér er gerð er aðeins til að samræma aðalskipulagið þessari venju í flokkun landnotkunar og til að tryggja samræmi við ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 m.s.br. en ítrekað að engin breyting er á þeim þáttum sem almennt er fjallað um í skipulagsáætlunum að öðru leyti, svo sem áhrif á nærumhverfi, náttúru eða innviði.

Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028.

Breytingin felur það í sér að punkttákn merkt F35 á sveitarfélagsupprætti B breytist og fær gulan lit sem notaður er fyrir landnotkunarflokkinn „verslun- og þjónusta“ og auðkennið V35, sjá hér fyrir neðan.



Mynd 2: Sveitarfélagsuppdráttur B, staðfest útgáfa, 1 : 30 000.



Mynd 3: Sveitarfélagsuppdráttur B eftir breytingu, 1 : 30 000. Breyting sem hér um ræðir er sú að punkttákn F35 breytist í punkttákn V35. Að auki er sýnt punkttákn V34 sem er hluti af tillögu að breytingu á aðalskipulaginu vegna gistijónustu í landi Ketilstaða. Sú breyting hefur sjálfstæða málsmeðferð og gögn sem kynnt hafa verið á vinnslustigi en er sýnd hér til upplýsingar vegna nálægðar við Stóruvík. Búast má við að sú tillaga verði auglýst á næstunni í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í greinargerð, kafla 9.8, fellur F35 úr töflu yfir svæði fyrir frístundabyggð en í staðinn kemur ný færsla í töflu yfir verslunar- og þjónustusvæði í kafla 9.5:

V35 Ferðaþjónusta með gistingu í sumarhúsum

Rökstuðningur fyrir óverulegri breytingu

Eins og áður hefur komið fram er breyting á landnotkun á staðnum sjálfum engin. Það eina sem er líklegt til að breytast er þjóðerni þeirra sem nýta gistiaðstöðuna því áður voru bústaðirnir í eigu fyrirtækis sem hefur höfuðstöðvar og flesta starfsmenn búsetta á höfuðborgarsvæðinu og þeir leigðir starfsfólk. Eftir breytingu á eignarhaldi má búast við að verulegur hluti notenda verði erlendir ferðamenn. Breytingin hefur engin áhrif á heildarframboð gistirýmis í sveitarfélagini, né heldur dreifingu þess. Áhrif á ferðaþjónustu almennt eru því engin önnur en þau að höfðað er til annars hóps ferðafólks en áður.

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem lögð var fram skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, var samþykkt í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 7. júní 2017.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 24/7 2017.

